

Alþingi
Erindi nr. P 133/879
komudagur 12.2.2007



LANDVERND

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 12. febrúar 2007

Umsögn Landverndar um þingsályktunartillögu um friðun Jökulsár á Fjöllum

Landvernd fagnar þessari tillögu um friðun Jökulsár á Fjöllum.

Í tillögunni kemur fram að friðlýsingin eigi að ná til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum. Í þessu samhengi er rétt að minna á að meirihluti vatnsins í ánni á árs grundvelli er grunnvatn. Vatnaskilin að vestan, hvort heldur sem er grunnvatnsskil eða yfirborðsvatnaskil, liggja eftir miðjum fjallabálkinum í Ódáðahrauni. Landvernd gerir ekki athugasemdir við að horft sé til vatnafars en bendir þó á að einnig sé rétt að horfa til annarra þátta í nátturufari svæðisins, s.s. landslagsheilda. Í því ljósi væri æskilegt að láta friðlýsinguna ná yfir fjallabálginn í Ódáðahrauni í heild sinni.

Með vinsemd og virðingu,



Bergur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Landverndar